**Páll Eyjólfsson**, gítarleikari og **Kolbeinn Bjarnason**, flautuleikari héldu sína fyrstu sameiginlegu tónleika á friðardögum listamanna í ágúst 1984. Höfðu þeir þá báðir nýlokið námi, Páll á Spáni og Kolbeinn í Bandaríkjunum. Síðan hafa þeir haldið fjölda tónleika í öllum landsfjórðungum og komið fram við ótal tækifæri og af ýmsum tilefnum. Með þessum tónleikum halda þeir upp á fimm ára starfsafmæli sitt.

# Tónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Kolbeinn Bjarnason
flautuleikari

og

## Páll Eyjólfsson
gítarleikari



28. nóvember 1989

kl. 20:30

**Sveinn Lúðvík Björnsson** (1962) stundaði tónsmíðanám hjá Atla Heimi Sveinssyni í nokkur ár, en sækir nú tíma til Þorsteins Haukssonar.

**Karlheinz Stockhausen** (1928) og **Toru Takemitzu** (1930) eru meðal þeirra byltingarmanna í tónsköpun sem fram komu eftir styrjaldarárin. Stockhausen sem var nemandi Messiaen, var í upphafi einn af boðberum seríalisma, en varð síðar fyrir austurlenskum áhrifum. Takemitsu var að mestu sjálfmenntaður og erfitt er að greina áhrifavalda í tónlist hans, en hann hefur töluvert notað hefðbundin japönsk hljóðfæri í list sinni.

**Willy Burkhard** (1900-1955) var svissneskur og eftir hann liggur mikill fjöldi trúarlegra verka.

## Efnisskrá

| | |
|---|---|
| Sveinn Lúðvík Björnsson (1962) | Þögnin í þrumunni (1989)<br>- frumflutningur - |
| Karlheinz Stockhausen (1928) | Tierkreis (1975)<br>Lög stjörnumerkjanna tólf<br>vatnsberi<br>fiskar<br>hrútur<br>naut<br>tvíburar<br>krabbi<br>ljón<br>meyja<br>vog<br>sporðdreki<br>bogmaður<br>steingeit |
| Toru Takemitsu (1930) | Moby Dick (1982)<br>úr „til sjávar“ fyrir altflautu og gítar |
| Willy Burkhard (1900-1955) | Serenade op. 71, nr. 3 (1935)<br>Praeludium und Lied<br>Romanze<br>Marsch |